

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Landbótasjóð Fljótsdalshrepps.

1. gr.

Nafn og lögheimili.

Sjóðurinn heitir Landbótasjóður Fljótsdalshrepps. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Lögheimili sjóðsins er að Végarði, Fljótsdalshreppi.

2. gr.

Stofnandi.

Sjóðurinn er stofnaður af Fljótsdalshreppi fyrir framlag Landsvirkjunar skv. samningi sveitarfélagsins og Landsvirkjunar dags. 28. janúar 2003 um uppgræðslu og landbætur vegna skerðingar og rýrnunar gróðurlendis innan marka Fljótsdalshrepps vegna byggingar og reksturs Kárahnjúkavirkjunar.

3. gr.

Stofnfé.

Stofnframlag sjóðsins á grundvelli sammings sbr. 2. gr., eru kr. 45.000.000 krónur fjörutíuogfimmilljónir 00/100 og greiðist það með eftirfarandi hætti:

Þann 1. júní 2003	kr. 25.000.000
Þann 1. júní 2004	kr. 10.000.000
Þann 1. júní 2005	kr. 10.000.000

4. gr.

Tekjur sjóðsins.

Tekjur sjóðsins eru:

- I. Framlag Landsvirkjunar til Fljótsdalshrepps.
- II. Frjáls framlög einstaklinga og lögaðila.
- III. Vextir og arður af eigin fé.

5. gr.

Tilgangur.

Hlutverk sjóðsins skal vera að veita framlög og standa fyrir uppgræðslu og landbótum innan núverandi sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps.

6. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps skal skipuð þremur mönnum og einum til vara, skipuðum af sveitarstjórn til fjögurra ára í senn. Skipunartími skal vera hinn sami og kjörtímabil sveitarstjórnar. Skal stjórnin skipuð á fyrsta fundi sveitarstjórnar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Sveitarstjórn skipar formann sjóðstjórnar.

Stjórnarmenn skulu allir eiga heimilisfesti á jörðum sem eru innan núverandi sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps.

7. gr.

Ársreikningar.

Sjóðstjórnin skal leggja starfsskýrslu sína og ársreikninga sjóðsins fyrir sveitarstjórn vegna næstliðins árs í síðasta lagi fjórum vikum fyrir afgreiðslu ársreikninga sveitarfélagsins í sveitarstjórn. Reikningarnir skulu staðfestir af löggiltum endurskoðanda og sendir ríkisendurskoðun ásamt starfsskýrslu sjóðsins fyrir næstliðið ár eigi síðar en þann 30. júní ár hvert.

8. gr.

Fjárvarsla.

Sjóðstjórnin sér um varðveislu eigna og ávöxtun á fé sjóðsins. Óheimilt er að nýta tekjur eða eignir sjóðsins til annarra verkefna en landgræðsluverkefna í samræmi við tilgang og markmið sjóðsins. Sjóðnum er ekki heimilt að veita lán af eigin fé sínu. Sjóðstjórnin skal leitast við að tryggja sem besta ávöxtun sjóðsins á hverjum tíma án þess að stofna fé hans í hættu og gæta þess að eignir skili eðlilegum arði. Stjórn sjóðsins er heimilt að skerða eigið fé sjóðsins við úthlutun úr honum um allt að 6,0% árlega en þó eigi fyrr en við úthlutun árið 2007.

9. gr.

Úthlutun úr Landbótasjóði Fljótsdalshrepps.

Stjórn sjóðsins ákveður framlög til einstakra verkefna og er henni heimilt að auglýsa eftir tillögum um þau.

Ákvarðanir um framlög hvers árs til einstakra verkefna skulu teknar af stjórn fyrir 1. maí ár hvert meðan sjóðurinn er til.

Þó er stjórn ekki skylt að veita framlög á hverju ári.

Sjóðstjórn setur nánari reglur um úthlutun úr sjóðnum í samræmi við markmið hans og með tilliti til ákvæða 5. gr. og 8. gr.

11. gr.

Rekstur.

Sjóðstjórnin skal fyrir hvert ár gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn og leggja hana fyrir sveitarstjórn til kynningar í upphafi hvers rekstrarárs. Rekstrarkostnaður Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps greiðist úr sjóðnum, þar með talinn kostnaður vegna úthlutunar, úttekta, stjórnunar, umsjónar og reikningsskila.

12. gr.

Gerðabók.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók þar sem skráðar eru fundargerðir stjórnarfunda. Þar skal einnig skrá öll erindi er berast stjórn og með hvaða hætti þau eru afgreidd.

13. gr.

Skipulagsskrá.

Skipulagsskrá sjóðsins má því aðeins breyta að meirihluti stjórnar sjóðsins og meirihluti sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps sé því samþykkt. Leitað skal umsagnar ríkisendurskoðunar um breytingar á skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi vegna Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps var samþykkt í sveitarstjórn Fljótsdalshrepps þann 3. júní 2003.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. september 2003.

F. h. r.
Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.